


Laxá í Refasveit 1995 og 1996

Tumi Tómasson

Hólum, júní 1997

VMST-N/97009



**Veiðimálastofnun
Norðurlandsdeild**

Hólum í Hjaltadal
551 Sauðárkrókur
Sími: 453 6599
Fax: 453 6694

Laxá í Refasveit 1995 og 1996

Inngangur

Tveir ólaxgengir fossar eru í Laxá í Refasveit, sá neðri um 1.5 km frá ósi og sá efri um 500 m ofar. Laxastigar voru byggðir fram hjá þessum gönguhindrunum á árunum 1951-54, en stigarnir virkuðu illa, einkum þó fremri stigin og segja má að efri fossinn hafi verið ófær göngufiski þar til stigin var endurbyggður árið 1975. Þó gekk lítið af laxi fram ána, en eftir að byggt var viðbótarþrep við efri stigann 1979 og neðri stigin var endurbyggður 1982 fór lax fyrst að ganga greiðlega fram fyrir fossana.

Árið 1978 var gerð athugun á útbreiðslu og árgangastyrkleika seiða í ánni og síðan 1983 hefur verið fylgst með seiðastofnum árinna því sem næst árlega.

Í rafveiðunum 1978 og 1983 fundust laxaseiði úr náttúruklaki einungis fyrir neðan stigana. Í ítarlegri athugun sumarið 1984 fannst náttúruklak úr hrygningu haustið 1983 skammt fyrir ofan stigana og síðar fannst náttúruklak úr sama árgangi við Skrapatungu. Í rafveiðum 1987 fundust seiði úr náttúruklaki úr hrygningu 1985 og 1986 neðan til í Norðurá (fyrir neðan Neðstabæ) og í rafveiðum 1988 fundust vorgömul seiði úr náttúruklaki miðja veginni milli Balaskarðs og Mánaskálar. Niðurstöður rafveiða á árunum 1989-1994 benda til að lax sé heldur að hopa aftur og er árgangastyrkleiki og útbreiðsla laxaseiða mjög misjöfn milli ára.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum rafveiða árin 1995 og 1996.

Aðferðir

Sumarið 1995 var rafveitt á 9 stöðum seint í júlí og var stærð veiðisvæða á bilinu 300-600 m². Veitt var í Laxá fram að efri mörkum Núpshólana og fram að Neðstabæ í Norðurá. Sumarið 1996 var rafveitt á 7 stöðum 1/8. Veitt var á sömu stöðum og árið áður, nema efsta rafveiðistaðnum í hvorri á var sleppt.

Öll seiði sem veiddust voru greind til tegunda, þau lengdarmæld og sýni til nákvæmari aldursgreininga tekin af hluta aflans. Flestum seiðunum var sleppt að mælingum loknum.

Niðurstöður og umræða

Niðurstöður rafveiðanna eru teknar saman í Töflum 1 og 2 og Myndum 1 og 2. Í rafveiðunum 1995 bar enn töluvert á klakárganginum frá 1991 (4+), en sá árgangur var tiltölulega öflugur og án efa uppistaðan í gönguseiðaframleiðslunni 1995. Seiðin gengu þó fremur seint til sjávar og þegar rafveitt var áttu sum seiði enn eftir að ganga út og má ætla að flest seiði yfir 11 cm og öll sem náð höfðu 12 cm þegar rafveitt var hafi

gengið út síðar um sumarið. Því er við búið að stór hluti þessa árgangs skili sér sem tveggja ára lax sumarið 1997, en einungis veiddust 47 smálaxar úr þessum gönguseiðaárgangi sumarið 1996 (Tafla 3).

Árgangur 3+ seiða í veiðinni 1995 var fremur rýr og seiði úr honum fundust nánast einvörðungu neðst í ánni. Útlit var fyrir að þessi árgangur, ásamt restinni af ári eldri seiðum yrðu uppistaðan í gönguseiðaframleiðslunni sumarið 1996. Til að bæta nýtingu á uppeldissvæðum fyrir ofan ármót Laxár og Norðurár var 17. ágúst sleppt tiltölulega stálpuðum seiðum (Mynd 3) og var þeim dreift þannig:

Norðurá - frá Þverá og fram í kvíslar	3000
Norðurá - fyrir neðan ármót Þverár	500
Norðurá - Neðstibær niður að ármótum	1500
Laxá - Núpshólarnir	1500
Laxá - fyrir neðan Núpshólana	500
Laxá - frá Balaskarði og niður fyrir Skrapatungu	1000
Samtals	8000

Í rafveiðunum 1996 var ekki annað að sjá en að seiðin úr sleppingunni 1995 hefðu dafnað mjög vel. Samanburður á lengdardreifingu seiða í rafveiðunum 1996 og við sleppingu bendir til að hluti þessa sleppiárgangs hafi náð sjóþroska sumarið 1996. Stærsti hluti árgangsins mun þó að líkindum ganga til sjávar sumarið 1997, en þá gæti framleiðsla 4+ gönguseiða úr náttúruklaki einnig orðið góð úr neðri hluta árinna. Því er útlit fyrir gönguseiðaframleiðslu tiltölulega gott fyrir sumarið 1997.

Í rafveiðunum 1996 reyndist útbreiðsla og þéttleiki 1+ og 2+ seiða tiltölulega takmarkaður og það er ljóst að eftir 1997 eru líkur á að aftur dragi verulega úr nýtingu uppeldissvæða í Laxá, einkum fyrir framan ármót Norðurár. Það kemur þó betur í ljós í athugunum 1997, en þá verður hægt að gera sér grein fyrir hvernig klakárgangurinn frá 1996 hefur komið út.

Segja má að útbreiðsla náttúrulegra laxaseiða hafi aldrei orðið betri en hún var með klakárganginum frá 1987. Náttúruklak virðist aldrei hafa komist á legg í Laxá ofar en milli Skrapatungu og Mánaskálar og í Norðurá ofar en við Neðstabæ. Útbreiðslumörk hafa því verið í um 100 metra hæð yfir sjávarmáli í báðum ánum.

Svo virðist sem viðkoma lax í Laxá og Norðurá takmarkist mjög af tíðarfari og árnar séu tiltölulega kaldar. Seiði ná þar yfirleitt heldur minni stærð og þroska á fyrsta ári en í flestum nærliggjandi ám. Því geta fylgt mikil afföll á fyrsta vetri. Eftir að seiði eru komin á legg þrífast þau betur við tiltölulega lágt hitastig en þegar þau eru minni. Á meðan tíðarfar er tiltölulega óhagstætt, eins og það hefur verið flest ár í nær tvo áratugi, má því gera ráð fyrir að grípa þurfi til seiðasleppinga ef nýta á til fullnustu uppeldisskilyrði Norðurár og Laxár. Til að betur sé hægt að átta sig á hagkvæmni sleppinga er nauðsynlegt að kortleggja uppeldissvæði á ný betur en gert hefur verið og safna hreistursýnum af veiddum lögum til að greina megi uppruna þeirra.

Tafla 1. Fjöldi veiddra laxaseiða í rafveiðum í Laxá í Refasveit 28/7 1995.


Staður	Stærð (m ²)	Fjöldi veiddra laxaseiða á hverja 100 m ²			
		1+	2+	3+	4+
1. Núpshólar, efst	40x10	-	-	-	-
2. Núpshólar, neðst	40x12	-	0.2	1.0	-
3. v/Balaskarðsá	40x12	-	-	-	0.6
4. milli Skrapat. og Balask.	40x13	-	0.2	0.2	1.3
5. Norðurá, v/Neðstabæ	50x10	-	0.2	-	0.4
6. Norðurá, neðst	60x12	-	0.4	0.1	0.7
7. v/Njálsstaði	60x8	-	1.9	0.2	0.6
8. fyrir neðan brú	60x5	0.3	8.7	1.7	0.7
9. v/Krumma	30x20	1.0	4.0	1.7	0.2

Tafla 2. Fjöldi veiddra laxaseiða í rafveiðum í Laxá í Refasveit 1/8 1996.


Staður	Stærð (m ²)	Fjöldi veiddra laxaseiða á hverja 100 m ²					
		0+	1+ n	1+ ss	2+	3+	4+/5+
2. Núpshólar, neðst	40x12	-	-	3.3	-	-	-
3. v/Balaskarðsá	50x13	-	0.5	0.3	-	-	0.1
4. milli Skrapat. og Balask.	40x12	-	-	1.9	-	-	-
6. Norðurá, neðst	70x10	-	0.1	1.8	-	-	-
7. v/Njálsstaði	60x12	0.3	0.1	-	0.6	3.0	-
8. fyrir neðan brú	60x6	0.5	0.8	-	0.5	4.2	-
9. v/Krumma	20x20	4.2	2.0	-	3.0	3.7	0.7

Tafla 3. Laxveiði í Laxá í Refasveit undanfarandi áratug skv. skýrslum Veiðimálastofnunar.


Ár	Fjöldi veiddra laxa		
	smálax	stórlax	sanatals
1996	47	57	104
1995	93	50	143
1994	51	93	144
1993	126	101	227
1992	204	93	297
1991	81	33	114
1990	82	74	156
1989	29	67	96
1988	100	40	140
1987	65	67	132



Mynd 1. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Laxá í Refasveit 28/7 1995.



Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Laxá í Refasveit 1/8 1996.



Mynd 3. Lengdardreifing summaralinna sleppiseiða í Laxá í Refasveit 15/8 1995.